

Fundur í skólaráði Glerárskóla mánudaginn 25. september 2023 kl.15:00

Mættir: Eyrún skólastjóri, Tómas Lárus deildarstjóri, Sveinn Leó og Esther fyrir hönd kennara, Ísold Vera fyrir nemendur, Sveinbjörg Smáradóttir fyrir stjórn foreldrafélagsins, Margrét S. Þorkelsdóttir foreldri og Einar fyrir hönd hverfisráðs

1. Nýir fulltrúar boðnir velkomnir, Ísold Vera Viðarsdóttir, tilgangur skólaráðs útskýrður fyrir Ísold.
 2. Rætt um fundartíma, mánudagar kl. 15:00, og næsti fundur 6. Nóvember og síðan 4. desember.
 3. Skóladagatal sem var samþykkt á síðasta ári. Breyting frá því er þar sem kennarar eru í styttingu vinnuviku.. Breyting er vegna ferðar starfsmanna sem féll niður á síðasta ári. Meiningin að fara í vor og kringum sumardaginn fyrsta og því er óskað eftir breytingum þannig að færa skipulagsdaginn föstudaginn 10.maí yfir á 26. apríl. Lesið upp bréf þar sem farið er fram á þessa breytingu á skóladagatali, til samþykktar Skólaráðs sem gefur leyfi til þess. Orðið laust og vel tekið í þetta.
 4. Farið yfir stöðu framkvæmda. Staðan góð en ýmislegt komið upp á, brunnar o.fl. Fékkst m.a. leyfi til að saga niður gluggana í mótuneytinu þannig að hægt sé að klára útigarðinn. Vonandi getum við flutt í vor. Það verður gert hlé áður en byrjað verður á framkvæmdum við C-álm. Á fara í það 2026. Einnig á eftir að skipuleggja skólalóð. Umræða: Leggja kapp á að koma unglíngastiginu hingað áður en byrjað verður á skólalóðinni. Virðist vera meiri pressa á að klára í kringum leikskólana. Mætti kannski að fá meiri virkni frá foreldrum sem þrýstihóp vegna framkvæmda. Eftir að vinna hönnunar vinnu varðandi C-álm. Kennarara vilja koma öllum í hús í Glerárskóla til að geta uppfyllt viðmiðunarstundaskrá. Af hverju hafa svona litlir árgangar verið að skila sér í Glerárskóla undanfarið?
 5. Eyrún benti á að starfsáætlun skólans sem er á heimasíðu skólans og einnig er þar skólanámsskrá sem hefur mikinn fróðleik að geyma.
 6. Heimsókn í Glerárkirkju. Skólastjórar norðan ár fóru heimsókn í Glerárkirkju og ræddu um hvað þeir eru að gera í aðventuheimsóknum,, ekki verið að innræta trú. Meira grenndarkennsla, jólasögur og þess háttar. Umræður : hið besta mál því þetta er ekki trúaráróður. Engar athugasemdir borist frá foreldrum um þessar heimsóknir. Allir sáttir við að halda í þetta eins og þetta hefur verið undanfarin ár.
 7. Áherslur náms í vetur er leiðsagnanáms. Lögð áhersla á innleiðingu þess og það leggur á herslu á að nemendur taki meiri ábyrgð á eigin námi og hegðun. Að nemendur verði meðvituð um sína styrkleika og getu.
Umræður/önnur mál
-T.d. að hafa hæfilega mikið heimanám.
- Hrósr fyrir nemendastýrð viðtöl sem halda áfram, þau voru metin í fyrra og var almenn ánægja með þau.
-Erum einnig áfram í Erasmus verkefni.
- Önnur mál
Margrét, vöruafhending með flutningabílum séu ekki að koma kl. 8. á morgnana um leið og börnin eru að koma á hjólum og allavega í skólann, mjög mikil slysgildra. Hvað er til ráða?

Hver tekur við félagsmiðstöðinni eftir að Dagný hættir, tvisvar í viku hér í Glerárskóla. Virðist ekki vera mikil mæting hér í Glerárskóla, mismunandi á milli ára. Mætti athuga með að félagsmiðstöðvar sendi póst á nemendur um viðburði í félagsmiðstöð þannig að flestir viti af því.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.